

### 33. fundur kennararáðs.

Kópavogi, 21.09.2023

Tilvísun:

**Mættir:** Birgir Urbancic Ásgeirsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Ragnar F. Ólafsson, Jónína Hauksdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Rannveig Björk Þorkeldsdóttir (varamaður Kristínar Jóns), Steinunn Inga Óttarsdóttir (varamaður Helgu K K)

**Fjarverandi:** Helga Kristín Kolbeins, Guðjón H. Hauksson, Kristín Jónsdóttir, Sigrún Grendal Jóhannsdóttir (varamaður Guðjóns), Svandís Ingimundardóttir, S. Svala Kristín Hreinsdóttir (varamaður Svandísar).

**Fundarritari:** Gunnhildur Harðardóttir.

**Fundarstaður:** Teams

#### Dagskrá fundar:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar.
2. Plakat um almennu hæfnina.
3. Staðan á kynningum um reglugerðina.
4. Önnur mál.

#### Umræður og ákvarðanir:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar.  
Formaður opnaði fund, bauð þátttakendur velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.  
Engar athugasemdir gerðar við dagskrá, fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.
2. Plakat um almennu hæfnina.  
Lögð var fram fyrsta tillaga frá hönnuði um útlit hæfnirammans.  
Fundarmenn komu með ábendingar, athugasemdir og tillögur um úrbætur við gerð rammans.  
Unnin samantekt að fundi loknum og hún send á formann og varaformann. Ingimar bauðst til vera þeim innan handar í þessu verkefni og munu þau fara yfir samantektina með hönnuði.
3. Staðan á kynningum um reglugerðina.  
Formaður fór yfir skipulag um kynningar á reglugerðinni. Hluta kynninga hefur verið frestað fram á haustmánuði.  
Staða á kynningarmálum.

- Háskólinn á Akureyri. Formleg kynning hefur ekki verið haldin en reglugerðin verið kynnt óformlega. Mun fulltrúi ræða kynningar við deildarforseta skólans. Fram kom að kynning fyrir nemendur skólans yrði nú á haustdögum.
- Listaháskóli Íslands. Fram kom að ekki hefði verið haldin kynning hjá listkennsludeild og mun fulltrúi þess hóps ganga í málið.
- Menntavísindasvið. Ekki hefur haldin almenn kynning en hún stendur til. Tímasetning liggur ekki fyrir.
- Kennarasambandið. Haldnar hafa verið kynningar fyrir trúnaðarmenn FG og almennir fundir með FSL, FS, SÍ og SMÍ. Fram kom að enginn hafði mætt á fund FS. KÍ hefur lagt áherslu á þann hluta sem snýr að grunnskólanum, hæfni kennara og ráðningum.
- Háskóli Reykjavíkur. Ekki liggur fyrir hver staðan er hjá íþróttadeild HR. Fulltrúar hinna háskólanna á höfuðborgarsvæðinu höfðu tekið að sér að hafa samband við HR fyrr á árinu.
- Menntamálstofnun. Kynningu fyrir starfsfólk lokið.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. Kynningu fyrir starfsfólki lokið.

Fram kom í umræðum um reglugerðina mikilvægi þess að hún sé tekin til umfjöllunar og ígrundunar meðal starfsfólks háskólanna og með öllum nemendum í háskólunum. Kennarasambandið hefur kynnt starfsþróunarvegabréfið á fundum með trúnaðarmönnum.

Reglugerðina og Exelskjalið er að finna á Teamssvæði hópsins (Skjöl kennararáðs).

#### 4. Önnur mál

- Ef uppfæra þarf kynningar/glærupakka mun Sonja veita aðstoð sé þess óskað.
- Auglýsing vegna Menntavísindasjóðs mun birtast bráðlega. Ná þarf samtali um áherslur.
- Minnt er á Skólamálalöng KÍ 2023 þann 4. okt. frá 15.30-17.00. Yfirskrift þingsins er "Með opnum örmum". Bréf verður sent á kennararáð.
- Fundarmönnum bent á að gögn er að finna á Teamssvæði hópsins (Skjöl kennararáðs).

Fundið slitið kl: 14.10

Næsti fundur: kl: 13.00 19. október 2023